

TILSKIPUN RÁÐSINS

frá 13. desember 1983

um aðra breytingu á tilskipun 76/118/EBE um samræmingu laga aðildarríkjanna varðandi tilteknar niðurseyddar mjólkurvörur til manneldis

(83/635/EBE)

RÁÐ EVRÓPUBANDALAGANNA HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Efnahagsbandalags Evrópu, einkum 43. og 100. gr.,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnarinnar ⁽¹⁾,með hliðsjón af áliti Evrópuþingsins ⁽²⁾,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

Í tilskipun 76/118/EBE ⁽³⁾, eins og henni var síðast breytt með tilskipun 78/630/EBE ⁽⁴⁾, er í 3. mgr. 3. gr. mælt fyrir um að fimm árum eftir birtingu þeirrar tilskipunar geti ráðið, að tillögu framkvæmdastjórnarinnar, samþykkt að breyta eða fella 2. mgr. þeirrar greinar úr gildi.

Í tilteknum aðildarríkjum hafa komið upp vandamál í tengslum við heitið á „sykraðri niðurseyddri léttmjólk“ og „léttmjólkurdufti“ sem heimilt er að selja í smásölu. Því ber að gefa þessum ríkjum kost á að nýta sér ákvæði 2. mgr. 3. gr. í tilskipun 76/118/EBE þegar vörur með þessu heiti eru seldar í smásölu.

Notkun á heitunum sem talin eru upp í 2. mgr. 3. gr. tilskipunar 76/118/EBE veitir neytendum gagnlegar upplýsingar og hindrar ekki viðskipti innan bandalagsins. Því er æskilegt að fella úr gildi 3. mgr. 3. gr. í tilskipun 76/118/EBE svo þessi heiti nái að festast í sessi.

Í 8. mgr. 7. gr. tilskipunar 76/118/EBE er mælt fyrir um að ráðið endurskoði, innan þriggja ára frá birtingu tilskipunarinnar, undanþágurnar í síðasta undirlíð a-liðar 3. mgr. þeirrar greinar er varða hálf- eða fullfituskertar vörur fyrir kornabörn.

Almennu reglurnar sem eru settar í tilskipun ráðsins 79/112/EBE frá 18. desember 1978 um samræmingu á lög-

um aðildarríkjanna um merkingu, kynningu og auglýsingu matvæla til sölu til neytenda ⁽⁵⁾ gilda um niðurseydda mjólk. Þessi tilskipun getur því takmarkast við það að samþykkja nauðsynleg viðbótar- og undanþáguákvæði frá þessum almennu reglum.

Í annarri málsgrein 14. gr. tilskipunar 76/118/EBE er mælt fyrir um að innan þriggja ára frá birtingu tilskipunarinnar skuli ráðið, að tillögu framkvæmdastjórnarinnar og á grundvelli skýrslu framkvæmdastjórnarinnar um ástandið í aðildarríkjunum, endurskoða þann möguleika að ákvarða gæðamerkingar.

Könnun sem framkvæmdastjórnin lét gera meðal aðildarríkjanna hefur leitt í ljós að nauðsynlegt er að setja eðlis- og efnafræðilega lágmarksstaðla, svo og hreinleikastaðla áður en kannað er hvort ákvarða skuli hugsanleg gæðaskilyrði sem slík. Því ber að framlengja tímabilið sem gert er ráð fyrir í 14. gr. tilskipunar 76/118/EBE.

SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

1. gr.

Eftirfarandi breytingar eru hér með gerðar á tilskipun 76/118/EBE:

1. Eftirfarandi er bætt við 2. mgr. 3. gr.:

„e) „lait demi-écrémé concentré sucré“ í Belgíu, Frakklandi og Lúxemborg og „gecondenseerde halfvolle melk met suiker“ í Belgíu og Hollandi til að tákna þær vörur sem eru skilgreindar í g-lið 1. tölul. í viðauka þegar þær eru seldar í smásölu;

f) „lait demi-écrémé en poudre“ í Belgíu, Frakklandi og Lúxemborg og „halfvollemelkpoeder“ í Belgíu og Hollandi til að tákna þær vörur sem skilgreindar eru í c-lið 2. tölul. í viðauka og innihalda, miðað við þyngd, milli 14 og 16 grömm af fitu í hverjum 100 grömmum, þegar þær eru seldar í smásölu.“

2. Ákvæði 3. mgr. 3. gr. falla niður.

⁽⁵⁾ Stj.ú. EB nr. L 33, 8. 2. 1979, bls. 1.⁽¹⁾ Stj.ú. EB nr. C 84, 3. 4. 1982, bls. 3.⁽²⁾ Stj.ú. EB nr. C 149, 14. 6. 1982, bls. 116.⁽³⁾ Stj.ú. EB nr. L 24, 30. 1. 1976, bls. 49.⁽⁴⁾ Stj.ú. EB nr. L 206, 29. 7. 1978, bls. 12.

3. Í stað 7. gr. komi eftirfarandi:

„7. gr.

1. Tilskipun 79/112/EBE gildir samkvæmt eftirfarandi skilyrðum um vörur sem eru skilgreindar í viðaukanum og eru ætlaðar til afhendingar til neytenda í óbreyttu ástandi.

2. a) Söluheiti þeirra vara sem skilgreindar eru í viðaukanum er eitt þeirra heita sem er frátekið fyrir þær samkvæmt 3. gr.

b) Í því tilviki sem um getur í 4. mgr. 5. gr. skal bæta orðinu „auðleyst“ (instant) við söluheitið.

3. Nettómagn þeirra vara sem eru skilgreindar í viðaukanum skal gefið upp í massaeiningum og þegar um er að ræða vörur sem skilgreindar eru í a-, b-, c- og d-lið 1. tölul. í viðaukanum í massaeiningum og rúm-málseiningum þegar þeim er pakkað í flát önnur en málmðósir eða túpur.

4. Enn fremur skal eftirfarandi koma fram á umbúðum, ílátum eða merkimiðum nefndra vara:

a) hundraðshluti mjólkurfitu gefinn upp miðað við þyngd með hliðsjón af fullunninni vöru, nema í vörum sem eru skilgreindar í b- og f-lið 1. tölul. og b-lið 2. tölul. í viðaukanum og hundraðshluti fitulausra mjólkurþurrefna í vörum sem eru skilgreindar í 1. tölul. viðaukans;

b) um vörur sem eru skilgreindar í 1. tölul. viðaukans, ráðleggingar um aðferðir til að leysa upp og þynna. Í stað þessara upplýsinga mega koma viðeigandi upplýsingar um notkun varanna þegar á að nota þær í óbreyttu ástandi;

c) um vörur sem eru skilgreindar í 2. tölul. viðaukans, ráðleggingar um aðferðir til að leysa upp og þynna, þar með talda nákvæmar upplýsingar um fituinnihald þeirra vara sem þannig eru uppleystar eða þynntar, nema þegar um er að ræða vörurnar sem skilgreindar eru í b-lið 2. tölul. í viðaukanum;

d) merkingin „UHT“ eða „leifturhitað“ á vörum sem eru skilgreindar í a-, b-, c- og d-lið 1. tölul. í viðaukanum, þegar þessar vörur eru unnar á þennan hátt og þeim pakkað í dauðhreinsaðar umbúðir.

5. Ákvæði 1. – 4. mgr. gilda samkvæmt eftirfarandi skilyrðum:

— upplýsingarnar í 2. mgr. og a-lið 4. mgr. skulu sjást í sömu sjónhendingu og þær sem talda eru upp í a-lið 3. mgr. 11. gr. í tilskipun 79/112/EBE,

— ef vörum sem eru minna en 20 g að þyngd hver eining er pakkað í ytri umbúðir er heimilt að upplýsingarnar sem farið er fram á í þessari málsgrein komi aðeins fram á ytri umbúðunum, nema þegar um er að ræða söluheitið sem krafist er í a-lið 2. mgr.,

— í því tilviki sem um getur í 7. mgr. 5. gr. er aðildarríkjunum heimilt að krefjast að upplýsingar séu veittar um gerð og magn viðbættra vítamína,

— aðildarríkjunum er heimilt að viðhalda ákvæðum í landslögum þar sem krafist er sérstakra upplýsinga um fitulausar vörur sem notaðar eru sem ungbarna-fæða.“

4. Eftirfarandi 7. gr. a skal bætt við:

„7. gr. a

1. Þrátt fyrir ákvæði sem bandalagið samþykkir varðandi merkingu á matvælum sem ekki eru ætluð fyrir neytendur, eru einu upplýsingarnar sem skylt er að setja á umbúðir, ílát eða merkimiða þeirra vara sem eru skilgreindar í viðaukanum eftirfarandi upplýsingar og skulu þær vera áberandi, auðlæsilegar og óafmáanlegar:

a) frátekna heitið fyrir þessar vörur samkvæmt 3. gr.;

b) nettóþyngd gefin upp í kílógrömmum eða grömmum. Allt til loka aðlögunartímabilsins, á meðan heimilt er að nota í bandalaginu bresku mælieiningarnar, samanber D-kafla í viðauka við tilskipun ráðsins 71/354/EBE frá 18. október 1971 um samræmingu laga aðildarríkjanna um mælieiningar⁽¹⁾, eins og henni var síðast breytt með tilskipun 76/770/EBE⁽²⁾, geta Írland og Breska konungsríkið heimilað að magn sé einungis gefið upp í breskum mælieiningum sem reiknaðar eru út á grundvelli eftirfarandi breytistuðla:

— einn millílítri = 0,0352 lagarúnsur,
— einn lítri = 1,760 hálfpottar eða 0,220 gallon,
— eitt gramm = 0,0353 únsur (avoirdupois),
— eitt kílógramm = 2,205 pund;

c) heiti eða fyrirtækjaheiti og heimilisfang framleiðanda, pökkunaraðila eða söluaðila með staðfestu innan bandalagsins.

Aðildarríkjunum er þó heimilt vegna innanlandsframleiðslu að viðhalda ákvæðum landslaga þar sem krafist er upplýsinga um verksmiðju eða pökkunaraðila;

d) fyrir vörur innfluttar frá þriðja landi, heiti upprunlands;

e) framleiðsludagur eða einhver merking sem gerir kleift að bera kennsl á framleiðslulotuna.

2. Aðildarríkin skulu á yferráðasvæðum sínum banna markaðssetningu vara sem skilgreindar eru í viðaukanum ef upplýsingarnar sem um getur í a-, d- og e-lið 1. mgr. eru ekki birtar á tungumáli sem kaupandi hefur á valdi sínu, nema kaupandi sé upplýstur á annan hátt; þetta ákvæði kemur ekki í veg fyrir að þessar upplýsingar séu gefnar á mörgum tungumálum.

Upplýsingarnar sem krafist er í b- og d-lið 1. mgr. þurfa eingöngu að koma fram í fylgiskjölunum.

(¹) Stjúið. EB nr. L 243, 29. 10. 1971, bls. 29.

(²) Stjúið. EB nr. L 262, 27. 9. 1976, bls. 204.“

5. Í stað annarrar málsgreinar 14. gr. komi eftirfarandi:

„Hafi viðeigandi bandalagsákvæði ekki verið samþykkt 1. apríl 1986 skal ráðið endurskoða ákvæði þessarar greinar á grundvelli skýrslu framkvæmdastjórnarinnar, ásamt viðeigandi tillögum.“

2. gr.

Aðildarríkin skulu gera allar nauðsynlegar breytingar á lögum sínum til að fara að ákvæðum þessarar tilskipunar og

tilkynna það framkvæmdastjórninni þegar í stað.

Þeim lögum sem þannig er breytt skal beitt á þann hátt að:

- viðskipti með vörur sem eru í samræmi við ákvæði þessarar tilskipunar verði heimil eigi síðar en 1. janúar 1986,
- viðskipti með vörur sem ekki eru í samræmi við ákvæði þessarar tilskipunar verði bönnuð frá og með 1. janúar 1987.

3. gr.

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 13. desember 1983.

Fyrir hönd ráðsins,

C. SIMITIS

forseti.